

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Egilsstaðir, 8.1.2025
UST202402-106/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28. nóvember 2024 – Brim, Vopnafirði, ID 82

Þann 28. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnu-
rekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. TVN gildi í hráefni semtekið var til vinnslu árið 2022 mældist sjö sinnum yfir 100 mg N/100 g
Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður TVN mælinga á tímabilinu frá september 2023 til og með september 2024 og er frávikinu því lokað.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Mæla skal efnainnihald í öllu frárennsli verksmiðjunnar.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrri árið 2023 hefur ekki verið skilað.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 14. september 2024 og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Niðurstöðum TVN mælinga sem gerðar voru í nóvember 2023, var ekki skilað til eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi.
Niðurstöðum mælinganna var skilað þann 28. nóvember sl. og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur